



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

***Efni: Samningur um samstarf Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar um starfsþróun, rannsóknir og starfsþróun***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. mars 2022, voru lögð fram drög að samningi um samstarf menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun, rannsóknir og nýsköpun í menntun og drög að samningi sömu aðila um stofnun og rekstur nýsköpunarstofu auk minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. mars 2022.

Samningurinn var samþykktur og vísað til borgarráðs.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 8. mars 2022

Endurnýjaður heildarsamningur

Samningur um nýsköpunarstofu



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur um samstarf menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun, rannsóknir og nýsköpun í menntun.

Menntastefna Reykjavíkur – Látum draumana rætast var samþykkt 20. nóvember 2018. Samhliða voru samþykktar [almennar aðgerðir til þriggja ára](#) sem styðja áttu við innleiðingu stefnunnar. Hluti þessara aðgerða laut að aukinni starfsþróun, ráðgjöf og handleiðslu starfsfólks í skóla- og frístundastarfi auk þess sem lögð var áhersla á fjölgun fagmenntaðra með markvissum aðgerðum og í fjölþættu samstarfi. Meðal þeirra aðgerða sem ráðist var í var að formgera samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. [Samningur](#) skóla- og frístundasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um starfsþróun og nýsköpun var undirritaður í maí 2019. Samningurinn var til þriggja ára og fól í sér samstarf um þróun og undirbúning námskeiða, starfsþróunartilboð, ráðgjöf og rannsóknir. Óhætt er að segja að á þessum þremur árum hafi orðið orðið til gjöfult samstarf sviðanna beggja en [skýrsla um samstarfið](#) fyrsta starfsárið var gefin út 2020 og verið er að leggja lokahönd á skýrslu síðasta starfsárs. Samstarfið hefur leitt af sér fjölbreytt námskeiðstilboð, komið af stað rannsóknarsamstarfi m.a. í gegnum samstarf um [þróunar- og nýsköpunarverkefni sem vakið hafa athygli og](#) stuðlað að aukinni þekkingu fræðafólks og nemenda MVS um skóla- og frístundastarf borgarinnar og menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Samstarf sviðanna hefur skilað sér á fjölbreyttan hátt inn í umræðu um menntamál. Dæmi um það eru verkefni sem nemar á MVS hafa unnið og tengjast starfsemi SFS, þátttaka MVS í þróunar- og nýsköpunarverkefnum, raddir Reykvískra kennara í átaksverkefninu „Komdu að kenna“ og sýnileiki skóla- og frístundastarfs á Menntavísindasviði.

Námskeiðið [„Leiðtogi framtíðarinnar er teymið“](#) er eitt af viðamestu námskeiðunum sem þróað hefur verið í samstarfinu á síðastliðnum þremur árum. Námskeiðið er ætlað öllum stjórnendateymum í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar en þar er fjallað um hlutverk stjórnenda sem faglegra leiðtoga í innleiðingu „Látum draumana rætast“ og „Betri borg fyrir börn“. Markmið námskeiðsins er að efla og skapa vettvang til samstarfs í borgarhlutum og þróa verkfæri sem efla stjórnendur í að takast á við nýjar áskoranir. Námskeiðið var þróað með hliðsjón af vegvísi fyrir stjórnendur sem mótaður var á grunni þátta sem stjórnendur SFS telja einkenna farsælan stjórnanda auk þess sem það byggir á niðurstöðum skýrslu starfshóps um faglega stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi. Kjarnalotur námskeiðsins eru fjórar en fimmta lotan byggir á vali milli ólíkra efnisþátta. Námskeiðið hófst í október 2021 og í fyrstu umferð koma þátttakendur frá tveimur borgarhlutum; Miðborg/Vesturbær/Hlíðar og Laugardalur/Háaleiti/Bústaðir. Seinni tveir borgarhlutarnir hefja þátttöku vorið 2022. Kennarar á námskeiðinu koma frá Menntavísindasviði og úr hópi stjórnenda á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.



Þá hafa fulltrúar SFS komið að skipulagi og undirbúningi og stofnun [Menntamiðju](#) sem er gátt að starfsþróun fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi á landinu öllu og undirbúningi og kynningu á [Menntafléttunámskeiðum](#) sem styðjast við hugmyndafræði leiðtoganáms og eru án efa ein framsæknustu starfsþróunarnámskeið sem boðið er upp á í dag en yfir 200 kennarar og starfsmenn SFS hafa tekið þátt í námskeiðunum þetta skólaár. Á [MenntaStefnumóti](#) sem haldið var í maí 2021 var vakin verðskulduð athygli á fjölbreyttu námi og rannsóknum á menntavísindasviði auk þess sem forseti sviðsins stýrði [umræðum um menntun til framtíðar](#). Allt hefur þetta áhrif á umræðu um menntun og starfsþróun á landinu öllu og má leiða líkum að því að það samstarf sem hefur átt hefur sér stað spili inn í mikla fjölgun á milli ára í umsóknum í grunnnám á MVS. Þetta er um leið einn mælikvarðinn á þá almennu aðgerð við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi, efla kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir við að hvetja fólk til starfa.

Skóla- og frístundaráð ákvað á fundi sínum [13. október 2020 að stofnaður yrði framtíðarhópur](#) sem hefði það hlutverk að móta almennar aðgerðir vegna innleiðingar menntastefnu tímabilið 2022-2024. Framtíðarhópurinn tók til starfa í janúar 2021 og lauk störfum í október sama ár. Almennar aðgerðir voru lagðar fram og [samþykktar af skóla- og frístundaráði](#) 9. nóvember 2021. Þar segir í aðgerðinni „Faglegt samstarf og starfsþróun“ að *fjölbreytt samstarf og starfsþróun verði sem fyrr undirstaðan í innleiðingu menntastefnunnar. Samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands verður haldið áfram og komið verður á samstarfi við aðra háskóla með það að markmiði að efla starfsþróun og rannsóknir. Þá segir í aðgerðinni „Nýsköpun og framsækni í starfi og leik“ : Hlúð verði að umhverfi nýsköpunar, lista og menningar með áherslu á samfélagslega nýsköpun og framsæknar lausnir þegar kemur að inntaki náms og starfsaðferðum.*

Í ljósi þessara ákvarðana hefur verið unnið að endurnýjun samstarfssamnings við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um starfsþróun, rannsóknir og nýsköpun en reynslan síðustu þrjú ár hefur verið nýtt til að þróa samstarfið enn frekar. Hluti samningsins nú felur í sér samkomulag um stofnun nýsköpunarstofu menntunar sem starfrækt verður á Vísindagörðum Háskóla Íslands. Nýsköpunarstofan mun styðja við nýsköpun á sviði menntunar, þróun hugmynda og aðferða sem tengjast formlegu og óformlegu námsumhverfi, hæfnipróun, nýjum leiðum í námi og kennslu, stafrænu námsumhverfi og menntun til framtíðar. Þá verður komið á fót vísindaráði með aðkomu fræðafólks frá MVS auk þess sem leitað verður fjölbreyttari leiða til að tengja nemendur á MVS við skóla- og frístundastarf með auknu starfsnámi þar sem nemendur geta sinnt einingabæru námi í verkefnum á vegum SFS svo sem eins og innan verkefnisins Betri borg fyrir börn.

Tillaga:

Lagðir eru fram tveir samningar um samstarf SFS og MVS til samþykktar í skóla- og frístundaráði. Heildarkostnaður samninganna er sá sami og áður eða 11 m.kr. á ársgrundvelli. Hluta þess fjármagns eða 3 m.kr. verður varið til stofnunar og rekstur Nýsköpunarstofu menntunar. Kostnaður rúmast innan fjárheimilda sviðsins árið 2022 en skv. 9. grein samningsins er gerður fyrirvari af hálfu SFS um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins. Samningarnir eru grundvöllur þess að ofangreind verkefni nái fram að ganga og er óskað samþykkis ráðsins á samningunum.

- Samningur um samstarf Háskóla Íslands og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar um starfsþróun, rannsóknir og nýsköpun.
- Samningur um stofnun og rekstur nýsköpunarstofu menntunar.

Samningur um samstarf Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um starfsþróun, rannsóknir og nýsköpun

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS), kt. 530269-7609, og Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, gera með sér neðangreindan samstarfssamning. Af hálfu Háskóla Íslands annast Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands framkvæmd og umsjón samnings þessa.

1. gr.

Tilgangur og markmið

Meginmarkmið með samstarfinu er að byggja upp lærdómssamfélag og samstarf um starfsþróun, rannsóknir og nýsköpun menntamála. Tilgangur samningsins er að efla samstarf milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviðs um starfsþróun starfsfólks SFS í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi. Markhópur samningsins er starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Samstarfið felst í samvinnu um námskeið, leiðsögn, ráðgjöf og rannsóknir með og í samvinnu við framangreinda hópa. Áhersla er á þróun námskeiða, ýmist einingabær eða sértæk og hins vegar um ráðgjöf og faglega leiðsögn á grundvelli Menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ sjá: <https://reykjavik.is/latum-draumana-raetast-menntastefna-til-2030>.

2. gr.

Starfsþróun

Samningsaðilar eru sammála um að vinna að eftirfarandi verkefnum í samræmi við aðgerðaráætlun sem ákveðin er hverju sinni:

- a. Samningsaðilar halda sameiginlega námskeið fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla og starfsfólk í frístundastarfi. Námskeiðin verða margþætt, þar á meðal stök einingabær námskeið.
- b. Samningsaðilar tilnefna a.m.k. einn aðila til að vinna að útfærslu og skipulagi námskeiða fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Starfsfólk Menntavísindasviðs ásamt öðrum með þá sérþekkingu sem þörf er á hverju sinni, tekur að sér kennslu sem greitt er fyrir, sbr. 4. gr. samningsins.
- c. Starfsstöðum SFS stendur til boða fagleg leiðsögn, ráðgjöf og/eða sértæk námskeið frá MVS og bera þá tilfallandi kostnað þar að lútandi falli hann utan þess sem talið er í 4. gr. Þetta á einungis við ef námskeið falla ekki undir núverandi námskeiðsflóru MVS.
- d. Samningsaðilar koma báðir að vinnu við hugmyndasmíði og undirbúning. Leitað verður til sérfræðinga frá öðrum fræðasviðum Háskóla Íslands sem og úr skóla- og frístundasamfélaginu eða af öðrum vettvangi eftir því sem við á.

3. gr.

Samstarf um rannsóknir og nýsköpun

Aðilar samþykkja að unnið verði að því að efla samstarf um rannsóknir milli fræðafólks Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar. Í því skyni verður markvisst unnið að því að tengja saman fræðimenn innan Menntavísindasviðs og fagfólk í skóla- og frístundastarfi og fagfólk á vettvangi fatlaðs fólks og velferðarsviðs borgarinnar. Árlega verði boðað til stefnumóts í tengslum við þróunar- og nýsköpunarsjóðinn „Látum draumana rætast“ þar sem kynnt eru mikilvæg viðfangsefni á sviði menntunar sem krefjast úrlausna og rannsókna.

- Skóla- og frístundasvið mun stofna til Vísindaráðs og mun forseti Menntavísindasviðs tilnefna aðila sem situr í því ráði og er yfirstjórn SFS til ráðgjafar varðandi rannsóknir á skóla – og frístundastarfi.
- Samstarf verður um stofnun og rekstur Nýsköpunarstofu menntunar, en meginmarkmið hennar er að styðja við nýsköpun á sviði menntunar, þróun hugmynda og aðferða sem tengjast formlegu og óformlegu námsumhverfi, starfsþróun, nýjum leiðum í námi og kennslu, stafrænu námsumhverfi og menntun til framtíðar.
- Leitað verður leiða til að bjóða í meira mæli upp á starfsnám fyrir nemendur MVS á öllum námsbrautum með það að markmiði að nemendur geti sinnt einingabæru vettvangsnámi á starfsstöðum SFS, í verkefnum á vegum SFS og annarra samstarfsaðila þeirra, t.d. í tengslum við verkefnið Betri borg fyrir börn.
- Lögð er áhersla á gagnvirka samvinnu sem tengir saman fagfólk, fræðafólk og nemendur á Menntavísindasviði. Menntavísindasvið mun leggja áherslu á að gera starfsemi skóla- og frístundasviðs borgarinnar sýnilega innan sviðsins og kynna samstarfsmöguleika fyrir nemendum.

4. gr.

Kostnaður skóla- og frístundasviðs

Kostnaður við verkefnastjórnun (ígildi starfs):

- Samtals kr. 8.000.000 á ársgrundvelli sem skiptist þannig:
 - Skipulag og utanumhald námskeiða kr. 5.500.000
 - Ráðgjöf og fagleg leiðsögn sérfræðinga til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi kr. 2.500.000 eða allt að 132 kennslustundir (40 mínútur, en kostnaður við hverja stund er 19.000 kr.).

Samtals: 8.000.000 kr.

Greitt er sérstaklega fyrir sérsniðin námskeið fyrir starfsfólk SFS. Kostnaður vegna þeirra er:

- Hver kennslustund (40 mín): 29.500 kr. + kennslustofa (ef námskeiðið fer fram á MVS)

Greitt er sérstaklega fyrir sérsniðin einingabær námskeið¹.

- Lágmarksfjöldi þátttakenda í sérsniðnum námskeiðum:
 - 3 einingar 20 nemendur
 - 5 einingar 22 nemendur
 - 10 einingar 25 nemendur

Greitt er inn á reikning: 0137-26-476, kt. 600169-2039, verknúmer: 1480-148502. Háskóli Íslands sendir reikning til Reykjavíkurborgar að jafnaði tvisvar á ári í júní og í desember.

Verðdæmi fyrir einingarbært nám þar sem starfsfólk SFS skráir sig í Háskóla Íslands –

Fullt skrásetningargjald árið 2021-22 var 75.000 kr. og eitt námskeið kostaði kr. 55.000 kr.

¹ Kostnaður við þau fer eftir umfangi og fjölda eininga og tekur mið af gjaldskrá fyrir sérsniðin námskeið eða kostnaði við námskeið eins og þau eru sett upp í kennsluskra. Gert er ráð fyrir að þátttakendur geti sótt um styrki fyrir sérsniðnum einingabærum námskeiðum í eigin starfsþróunarsjóði.

- MVS kemur áfram til með að bjóða stök einingabær námskeið sem kennd eru með reglubundnum hætti og getur starfsfólk sem uppfyllir inngönguskilyrði skráð sig í slík námskeið og borgað skrásetningargjald í HÍ.
- Einingabært námskeið er ávallt á faglegri ábyrgð háskóladeildar og hefur kennari við HÍ umsjón með slíku námskeiði. Einingabær námskeið lúta nánari skilyrðum sem lýst er í 53. og 64. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, sjá fylgiskjal I.
- Ef námskeið telst til einingabærs náms en er ekki þegar í kennsluskrá MVS er áskilið að ákveðinn lágmarksfjöldi þátttakenda skrái sig. Lágmarksfjöldi þátttakenda er 20 nemendur í þriggja eininga námskeið, 22 nemendur í fimm eininga námskeið og 25 nemendur í tíu eininga námskeið, sbr. hér að framan.

5. gr.

Verkefnastjórn

Verkefnastjórnun af hálfu MVS felur í sér undirbúning, skipulag og framkvæmd námskeiða þar sem unnið er náið með tengiliðum SFS til að mæta þörfum starfsfólks SFS á hinum fjölbreyttu sviðum. Verkefnastjóri kemur að:

- Hugmyndavinnu og skipulagi námskeiða og starfsþróunar.
- Mönnun námskeiða, skráningu og auglýsingum á námskeiðum og tilboðum til starfsþróunar.
- Tengslum milli ólíkra eininga innan MVS og SFS, t.a.m. um kynningar á viðurkenningum til meistara- og kynningar á náminu, Menntabúðum, Menntastefnumóti eða öðrum þeim ráðstefnum og viðburðum sem SFS stendur að.
- Að auki tryggir hann að námskeið standist gæðakröfur Háskóla Íslands og að kennsla þeirra sé í höndum helstu sérfræðinga á viðkomandi sviði.

Verkefnastjóri sér um samskipti við miðlæga stjórnsýslu Háskóla Íslands og tryggir að stjórnsýslureglum sé fylgt í sambandi við námskeið. Verkefnastjóri ber ábyrgð á því að útvega sérfræðinga til að veita ráðgjöf og faglega leiðsögn í nánun samstarfi við SFS, t.a.m. í stuðningi við innleiðingu Menntastefnu, undirbúning þróunarverkefna og aðkomu að fræðslu og ígrundun starfsfólks á vettvangi. Verkefnastjóri tekur saman árlega samantekt um framkvæmd samnings og kynnir fyrir stjórnendum SFS og Háskóla Íslands.

Hvor samningsaðili tilnefnir neðangreinda tengiliði til að vinna að útfærslu og skipulagi námskeiða, annarra starfsþróunartilboða og viðfangsefna skv. markmiðum í 1.gr. fyrir ólíka starfsmannahópa SFS. Aðilar hittast reglulega til að ræða þróun og stöðu námskeiðshalds og samstarfsverkefna.

Tengiliðir fyrir hönd Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eru:

Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri Nýsköpunarmiðju menntamála hjá SFS
Fríða B. Jónsdóttir deildarstjóri Nýsköpunarmiðju menntamála hjá SFS
Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri SFS
Bakhópur – starfsþróunarhópur SFS

Tengiliðir fyrir hönd Menntavísindasviðs eru:

Oddný Sturludóttir, verkefnastjóri og aðjúnkt MVS
Katrín Valdís Hjartardóttir, verkefnastjóri MVS
Eyjólfur B. Eyjólfsson, deildarstjóri nýsköpunar MVS
Kristín Harðardóttir, forstöðumaður Menntavísindastofnunar

6. gr.

Afurðir og réttindi

Afurðir eru ýmis námskeið og fræðsla fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Starfsfólk Menntavísindasviðs sem kemur að samstarfinu fer með höfundar- og afnotarétt af öllum námskeiðum og kennsluefni sem til verður við þetta samstarf. Í því felst m.a. réttur til afnota efnis fyrir aðra hópa, rannsóknir og rannsóknargögn sem kunna að verða til í tengslum við kennslu. Allt þetta verður þó gert með upplýstu samþykki frá SFS.

7. gr.

Aðgerðaráætlun

Á grunni samningsins verður gerð aðgerðaráætlun til eins árs í senn þar sem aðgerðir og kostnaður eru nánar útlistaðar á grundvelli 1. gr. þessa samnings. Aðgerðaráætlun fyrir hvert háskólaár liggja fyrir í lok mars ár hvert.

8. gr.

Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu hverju starfsári skal verkefnastjóri Menntavísindasviðs skila Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg skýrslu um samstarfið ásamt greinargerð um ráðstöfun fjárframlaga. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí 2023 fyrir starfsárið 2022 og 1. maí 2024 fyrir starfsárið 2023. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

9. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi tekur gildi þann 11. mars 2022 og gildir til 28. febrúar 2025 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Aðilar skulu fyrir 1. janúar 2025 ákveða sameiginlega hvort samningur þessi skuli endurnýjaður. Gerður er fyrirvari af hálfu SFS um að fjárveitingar SFS eru ákveðnar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með fjöggra mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðarmót.

10. gr.

Reglur, vanefndir, varnarþing o.fl.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, sjá fylgiskjal II við samning þennan og skal geta þess í kynningarefni MVS að fræðasviðið njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

Óheimilt er að framselja skyldur samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar. Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík xx. mars 2022

F.h. Háskóla Íslands
Jón Atli Benediktsson, rektor

F. h. Reykjavíkurborgar
Skúli Helgason, formaður skóla- og
frístundaráðs

F.h. Menntavísindasviðs
Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti
Menntavísindasviðs

F.h. Skóla- og frístundasviðs
Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og
frístundasviðs

Fylgiskjal I Reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009, sem sjá má hér;

https://www.hi.is/haskolinn/reglur_fyrir_haskola_islands.

Fylgiskjal II Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, sem sjá má hér:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/reglur_reykjavikurborgar_um_styrki.pdf

SAMNINGUR UM STOFNUN OG REKSTUR NÝSKÖPUNARSTOFU MENNTUNAR

Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, Sæmundargötu 2, Reykjavík og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, gera með sér svofellt samkomulag um stofnun og reksturs nýsköpunarstofu menntunar sem verður starfrækt á Vísindagörðum Háskóla Íslands. Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS) fer með framkvæmd samnings fyrir hönd Háskóla Íslands. Skóla- og frístundasvið (SFS) fer með framkvæmd fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

1. grein

Tilgangur og markmið

Nýsköpunarstofa menntunar mun styðja við nýsköpun á sviði menntunar, þróun hugmynda og aðferða sem tengjast formlegu og óformlegu námsumhverfi, hæfnipróun, nýjum leiðum í námi og kennslu, stafrænu námsumhverfi og menntun til framtíðar. Hæfni og nýsköpun í menntakerfinu öllu er lykill að því að renna styrkari stoðum undir atvinnulíf og iðnað og efla þannig verðmætasköpun og samfélagslega farsæld í landinu. Þá verður áhersla á að styðja við verkefni sem tengjast Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun 2030, einkum gæðamenntun, jafnrétti og samvinnu um heimsmarkmiðin.

Starfsemin mun einkum beinast að eftirfarandi þáttum:

1. Leiða saman frumkvöðla úr menntakerfinu, fræðasamfélaginu og fyrirtækjum landsins.
2. Standa fyrir fræðslu, ráðgjöf og hröðlum á sviði nýsköpunar, menntunar, fræðslu og náms.
3. Skapa vettvang til að móta og þróa nýjar aðferðir á sviði náms og menntunar.
4. Þjóða upp á samstarfsmöguleika stofnana og frumkvöðla til að prófa og meta árangur af nýjum aðferðum á sviði menntunar.
5. Veita hagsmunaaðilum og sérfræðingum öflugt tengslanet og starfssamfélag sem hverfist um nýsköpun á sviði menntunar.
6. Hýsa og þróa framtíðartorg, stafrænan umræðuvettvang um framtíð menntunar og hæfnipróun.
7. Gerð námsefnis fyrir nemendur og kennara á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar.

2. grein

Stjórn og samráðshópur

Stjórn Nýsköpunarstofu menntunar er skipuð fjórum fulltrúum. Rektor skipar tvo fulltrúa frá háskólanum og er annar þeirra formaður, einn fulltrúi er tilnefndur af Reykjavíkurborg og einn frá atvinnulífi. Formaður stjórnar fer með oddaatskvæði. Stjórn mótar stefnu og samþykkir starfsáætlun. Stjórn fundar að lágmarki tvisvar ári. Stjórn er heimilt að setja á laggirnar sérstakan ráðgefandi *samráðshóp* hagaðila og bakhjarla. Við skipan slíks hóps verði gætt að því að fá inn fulltrúa af öllum skólastigum, úr atvinnulífi, úr tómstundageiranum og úr fullorðinsfræðslu.

3. grein

Framlag aðila

Nýsköpunarstofa menntunar verður staðsett í Vísindagörðum. Framlag aðila er með eftirfarandi hætti:

- Háskóli Íslands ber ábyrgð á daglegum rekstri, útvegar vinnu- og fundaaðstöðu og ber ábyrgð á kynningar- og markaðsmálum. Fjárframlag Háskólans er 26 m.kr (Verkefnastjórnun og húsnæði), árlega.
- Skóla- og frístundasvið leggur fram vinnuframlag sérfræðinga á skóla- og frístundasviði, allt að 25% stöðugildi alls, sem Nýsköpunarmiðja menntamála hefur umsjón með hverju sinni eftir eðli verkefna. Þá leggur Reykjavíkurborg fram 3 m.kr. árlega sem hlutdeild í launum verkefnastjóra.

Árlegar greiðslur Reykjavíkurborgar er greiddar í tvennu lagi á grundvelli reiknings frá Háskóla Íslands í júní og í desember. Greitt er inn á reikning: 0137-26-476, kt. 600169-2039, verknúmer: 1480-148502.

4. grein

Verkefni og starfsáætlun

Verkefnastjóri mun halda utan um daglegan rekstur og verður starfsáætlun borin undir stjórn til samþykktar árlega eigi síðar en 1. október. Árlega mun stofan standa fyrir nýsköpunarviðburði á sviði menntunar og auk þess veita viðurkenningar fyrir nýsköpunarkeppni grunnskóla og samsýningu framhaldsskóla sem styrktar eru af stjórnvöldum og fleiri aðilum.

Forgangsverkefni 2022-2025:

Að kalla saman hóp sérfræðinga, fræðimanna, kennara og fagfólks til að greina áskoranir og vinna að nýsköpunarverkefnum tengdum þeim samfélags- umhverfis- og tæknibreytingum sem hafa raunveruleg áhrif á menntun barna og starfsumhverfi kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.

Aðgerðir

- Halda árlega sérstakan nýsköpunarhraðal á sviði menntunar.
- Skipuleggja reglulega viðburði þar sem nýsköpun á sviði menntunar er kynnt og rædd.
- Tengja kennara og nemendur í menntavísindum, listum, hugverkum, iðn- og tæknimenntun við frumkvöðlaumhverfið, hraðla og menntakeppnir.
- Setja upp öfluga heimasíðu stofunnar þar sem finna má náms- og stuðningsefni um nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, framtíðartorg - stafrænan umræðuvettvang um framtíð menntunar og hæfnipróun, verkfærakistu og almenna miðlun um nýsköpun menntunar, styrkjamöguleika o.fl.

Þá er stefnt að því að einstök verkefni verði kostuð af styrkjum og með samningum við stofnanir og samstarfsaðila.

5. gr.

Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu hverju starfsári skal verkefnastjóri MVS skila Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg skýrslu um starf Nýsköpunarstofu menntunar. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí 2023 fyrir starfsárið 2022 og 1. maí 2024 fyrir starfsárið 2023. Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 skal styrkþegi í greinargerð um ráðstöfun fjárframlags skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif framlagið hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks sbr. mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.

6. grein Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi gildir frá 11. mars 2022 til 31. júlí 2025. Samningurinn fellur þá úr gildi án uppsagnar, nema hann hafi verið endurnýjaður áður. Aðilar skulu fyrir 1. janúar 2025 ákveða sameiginlega hvort samningur þessi skuli endurnýjaður.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2023 og 2024.

Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum á samningstímabilinu. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með fjöggra mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðarmót.

Komi til þess að nýsköpunarstofan verði lögð niður skulu eignir hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 2. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

7. gr.

Reglur, vanefndir, varnarþing o.fl.

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, sjá fylgiskjal II við samning þennan og skal geta þess í kynningarefni Nýsköpunarstofu menntunar að hún njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

Óheimilt er að framselja skyldur samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar. Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík mars 2022

Jón Atli Benediktsson
Rektor Háskóla Íslands

Dagur B. Eggertsson,
Borgarstjóri Reykjavíkur

Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Forseti Menntavísindasviðs

Helgi Grímsson
Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Fylgiskjal I Reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009, sem sjá má hér;
https://www.hi.is/haskolinn/reglur_fyrir_haskola_islands.

Fylgiskjal II Reglur Reykjavíkurborgar um styrki, sem sjá má hér:
https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/reglur_reykjavikurborgar_um_styrki.pdf